


Áætlun um viðbrögð við einelti

fyrir Grunnskólann í Breiðdalshreppi



Samþykkt í september 2013

Ferli í eineltismálum – Grunnskólinn í Breiðdalshreppi

Starfsfólk Grunnskólans í Breiðdalshreppi leggur mikla áherslu á að öllum nemendum líði vel í skólanum, að nemendur geti treyst starfsfólki skólans og geti leitað til allra starfsmanna ef þeim líður illa eða upp koma erfið mál.

Að koma í veg fyrir og uppræta einelti er jafnt á ábyrgð skólans, nemenda, forráðamanna og samfélagsins í heild. Nauðsynlegt er að allir sjái hag sinn í því að tekið sé hratt og örugglega á þeim eineltismálum sem upp koma og úr þeim leyst. Skólinn hvetur alla til að láta vita ef þeir eru lagðir í einelti eða verða vitni að einelti.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi sem beinist að einni manneskju í lengri eða skemmri tíma. Einelti felur í sér misbeitingu valds með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis.

Einelti getur birst í mörgum myndum, t.d:

Andlegt: illt umtal, bendingar, augnagotur, glott, niðrandi tákni, reglubundnar skemmdir á fötum og öðrum eignum, þolandi þvingaður til að gera eitthvað sem stríðir gegn sjálfsvirðingu hans og réttlætiskennd.

Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, innilokun.

Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni, dónaskapur.

Rafrænt/skriflegt: tölvupóstur, textaskilaboð, krot, bréfasendingar, skilaboð á Facebook og öðrum samskiptavefjum.

Hundsun: útskúfun, útilokun úr félagahópi.

Oftast fer einelti fram þar sem enginn fullorðinn sér og getur því hæglega farið mjög leynt ef enginn segir frá. Sá sem lagður er í einelti segir því miður mjög sjaldan frá af ótta við að eitthvað enn verra bíði og/eða af því að hann kennir sjálfum sér um.

Hugsanlegar vísbendingar um að nemandi sé lagður í einelti:

Tilfinningalegar

- Breytingar á skapi.
- Tíður grátur, viðkvæmni.
- Svefntruflanir, fær martraðir.
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi.

- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Depurð, þunglyndiseinkenni, sjálfsvígshugsanir.
- Neitar að segja frá því sem amar að.

Líkamlegar

- Líkamlegar kvartanir, t.d. höfuðverkur, magaverkur, sérstaklega á morgnana.
- Nemandi verður niðurdreginn eða órólegur á sunnudagskvöldum eða síðasta kvöldið í skólaleyfi.
- Kvíðaeinkenni t.d. nagar neglur, stamar, kækir ýmis konar.
- Rifin föt og/eða skemmdar eigur.
- Líkamlegir áverkar s.s. skrámur og marblettir sem nemandi getur ekki útskýrt.

Félagslegar

- Nemandi virðist einangraður og einmana.
- Nemandi fer ekki í og fær ekki heimsóknir.
- Nemandi á fáa eða engi vini og vill ekki taka þátt í félagsstörfum.

Hegðun

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Nemandi neitar að segja frá hvað amar að.
- Árásargirni og erfið hegðun.

Í skóla

- Nemandi hræðist að fara einn í og úr skóla, biður um fylgd eða fer aðra leið.
- Leggur fyrr af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað.
- Fer aðra leið en hann er vanur í og úr skóla/íþróttum.
- Byrjar að skrópa.
- Nemandi mætir iðulega of seint.
- Nemandi forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund.
- Nemandi hættil að sinna náminu, einkunnir lækka, einbeitingarörðugleikar.
- Einangrar sig frá skólafélögum.

Á heimili

- Nemandi neitar að fara í skólann.
- Einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni.
- Biður um auka vasapening.
- Týnir peningum og/eða öðrum eigum.
- Neitar að leika sér úti eftir skóla.

- Nemandi byrjar að leggja önnur börn eða systkini í einelti.
- Reynir að fá foreldra sína til að tala við kennarann, skólafélagana eða aðra foreldra.

Verði foreldrar eða starfsmenn varir við einhver ofangreindra einkenna eða önnur sem benda til að nemandanum líði illa er mikilvægt að kanna málið. Allir sem hafa vitneskju um hvers konar líkamlegt eða andlegt ofbeldi meðal nemenda ber að tilkynna það.

Hvað geta foreldrar gert þegar barnið þeirra er þolandi:

- Hlustað vel á barnið og tala mjög reglulega við það.
- Brugðist við vanda barnsins með skilningi, þolinmæði og umhyggju.
- Látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu.
- Haft samband við umsjónarkennara og stjórnendur skólans.
- Hrósið barninu fyrir að hafa þor til að segja frá erfiðleikum sínum.
- Trúið barninu ykkar og standið með því.
- Hjálpið barninu að öðlast sjálfstraust og trú á að það geti ráðið við vandann.
- Fylgist vel með líðan barnsins.
- Haldið ró ykkar og gerið ekkert að óyfirveguðu máli.
- Mikilvægt er að barnið finni að þið hafið stjórn á aðstæðum.
- Gerið ráð fyrir tilfinningalegum viðbrögðum frá barninu.
- Lítið á vandamálið sem eitthvað sem þarf að leysa og þið getið lært af.

Hvað geta foreldrar gert þegar þeirra barn er gerandi:

- Haft samband við skólann en þar er hægt að setja í gang viðeigandi aðgerðir.
- Hrósið barninu fyrir að segja frá.
- Reiði og skammir duga skammt. Árangursríkara er að setjast niður og ræða málin.
- Skýra þarf út fyrir barninu að það er alveg ólíðandi að særa aðra, bæði líkamlega og andlega.
- Gefið skýr skilaboð um að einelti sé alvarlegt mál og barnið eigi að hætta því.
- Gott er að fá barnið til að setja sig í spor þolenda og ímynda sér hvernig þeim líður því þannig eflum við samkennd barnsins með öðrum.
- Skoðað eigin hegðun og hegðun annarra í fjölskyldunni.
- Ræðið um hvernig barnið geti bætt fyrir hegðun sína og hvernig það geti látið þolandanum líða betur.
- Kennit börnunum að bera virðingu fyrir öðrum, skoðunum og tilfinningum annarra og sýna umburðarlyndi.
- Verið í góðu sambandi við kennara barnsins og fylgist með framgangi málsins.

- Fylgst vel með hvernig barnið ver frítíma sínum og með hverjum.

Það er mikilvægt að barnið viti að foreldrarnir eru í sambandi við skólann og fylgjast með framvindu málsins.

Forvarnir gegn einelti

Mestu skiptir að góð samskipti hafi skapast innan skólans, innan bekkja/hópa og að hægt sé að ræða öll mál sem upp koma innan skóla og inni á heimilnu. Gott samband forráðamanna við skólann og börnin sjálf skiptir grundvallarmáli.

Nauðsynlegt er að gera nemendum ljóst hvað einelti er og það reifað almennt. Eins þurfa nemendur að vita að ef þeir verða fyrir einelti þá er nauðsynlegt að segja frá því, bæði fyrir þolendur og gerendur.

Öll jákvæð starfsemi er af hinu góða, t.d. bekkjarkvöld, ferðir, hópavinna, foreldra- og nemendakvöld, foreldrafundir o.fl. Allt stuðlar þetta að því að bæta mórál í bekkjum. Því betur sem börn og foreldrar þekkjast því betra er að vinna með þessi mál.

Gott upplýsingastreymi þarf að vera á milli heimila og skóla, í báðar áttir.

Starfsfólk skólans verður að vera vel upplýst um einelti og reglulega þarf að eiga sér stað upprifjun eða endurmenntun.

Líðan nemenda er skoðuð markvisst á hverju skólaári. Hægt er að nota til þess kannanir, bæði rafrænar og annars konar, nemendaviðtöl og fleira.

Nauðsynlegt er að skólinn hafi skýrar reglur og viðurlög sem veita aðhald.

Áhersla lögð á að gerendum og þolendum sé hjálpað, engum er refsað. Gerendur eineltis eru engu að síður í vandræðum en þolendur.

Umsjónarkennarar leggi reglulega fyrir tengslakannanir í sínum umsjónarhópum.

Skólastjóri sér til þess að starfsmenn hafi svigrúm til að taka á eineltismálum og vinna að úrlausn þeirra.

Ferli í eineltismálum

Ef upp kemur grunur um einelti fer í gang ferli sem á að vera starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum skýrt og greinilegt. Á öllum stigum málsins er nauðsynlegt að forráðamönnum sé haldið vel upplýstum og þeir séu virkir í lausn málsins.

Berist tilkynning um einelti eða ef starfsmaður hefur grun um að einelti sé í gangi eru skráðar nauðsynlegar upplýsingar. Staður, dagsetning, stutt lýsing og nöfn þeirra sem koma við sögu. Tilkynningu er komið til umsjónarkennara og skólastjóra sem fara yfir málið.

Umsjónarkennari leitar eftir viðbótarupplýsingum frá þeim sem þarf. Tekur stutt viðtal við þolanda og metur málið. Hefur samband við foreldra þolanda og ræðir málið.

Umsjónarkennari og skólastjóri meta málið og næstu skref.

Ef grunur um einelti er ekki rökstuddur lætur umsjónarkennari viðeigandi málsaðila vita.

Ef grunur um einelti er rökstuddur hefur umsjónarkennari samband við alla málsaðila (þolandi, gerandi, forráðamenn, starfsfólk) og vinnur að málinu í samráði við þá. Tekin eru viðtöl við þolendur, gerendur og forráðamenn. Reynt er að leysa málið í samvinnu við málsaðila og eru hagsmunir þolanda ávallt í fyrirrúmi, ásamt hagsmunum geranda.

Forráðamönnum er leiðbeint um hvernig hægt er að aðstoða nemendur heima við.


Umsjónarkennari fylgir málinu eftir með reglulegum samtölum í allt að 4 vikur.

Ef ekki er hægt að leysa úr málinu innan skólans og í samráði við forráðamenn ber skólanum að hafa samband við sérfræðinga og leita aðstoðar.


Umsjónarkennari og skólastjóri skrá allar upplýsingar vel og vandlega og sjá til þess að upplýsingar séu geymdar á vísu stað.

Ferli í eineltismálum

Grunur um eineltismál kemur upp




Umsjónarkennari aflar upplýsinga og gangsetur vöktun hjá starfsfólki skólans og foreldrum ef við á.




Grunur um einelti staðfest?

Já.




Viðtal við þolanda, viðtal við geranda. Samband haft við forráðamenn þeirra sem koma að málinu.


Nei.



Máli lokið í bili, áframhaldandi vakandi auga með málsaðilum.




Unnið að málinu í samvinnu við þolanda, geranda, forráðamenn og starfsfólk skólans.




Málið metið; er einelti enn í gangi?

Já.




Viðtal við þolanda, viðtal við geranda. Samband haft við forráðamenn þeirra

Nei.



Máli lokið í bili, áframhaldandi vakandi auga með málsaðilum.



Áframhaldandi viðtöl við þolanda, geranda, forráðamenn.

Ef ekki er hægt að leysa úr málinu innan skólans og í samráði við forráðamenn ber skólanum að hafa samband við sérfræðinga og leita aðstoðar.

Umsjónarkennari og skólastjóri skrá allar upplýsingar vel og vandlega og sjá til þess að upplýsingar séu geymdar á vísu stað.